

Miðvikudaginn 28. ágúst 1985.

Nr. 192/1985. **Ákærvaldið**

gegn

Sigurði Stefáni Almarssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. þ.m., er barst Hæstarétti 23. þ.m. og krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. ágúst 1985.

Ár 1985, miðvikudaginn 21. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Síðumúla 28 af Unu Þóru Magnúsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að gæsluvarðhald það, sem Sigurði Stefáni Almarssyni, fæddum 30. ágúst 1956, til heimilis að Karfavogi 33, Reykjavík, var gert að sæta með úrskurði sakadóms Reykjavíkur þann 8. ágúst sl., verði framlengt allt til miðvikudagsins 4. september nk., kl. 17:00.

Málavextir eru eftirfarandi:

Til meðferðar eru hjá rannsóknarlögreglu ríkisins mál vegna innbrotsþjófnaða, sem framdir hafa verið á ýmsum stöðum hér í borg, og hafa þeir aðiljar, sem þar voru að verki, haft mikil verðmæti á brott með sér.

Einn hinna grunuðu er Sigurður Stefán Almarsson, og hefur hann viðurkennt að vera viðriðinn eitt af innbrotunum, en neitað aðild að hinum.

Hluti af því þýfi, sem fremjendur höfðu á brott með sér, fannst í íbúð

að Háaleitisbraut 37 hér í borg, en þar kveðst kærði hafa verið gestkomandi. Ekki kveðst hann vita fyrir hvers tilstuðlan þýfið var komið í áður-nefnd húsakynni.

Að kvöldi hins 6. ágúst sl. hafði lögreglan afskipti af fólki, er dvaldist að Háaleitisbraut 37, og voru allir, er þar voru, handteknir. Var kærði einn þeirra.

Aðkoman að öllum innbrotstöðunum var mjög svipuð, og leikur því grunur á, að hér hafi sömu menn átt hlut að máli.

Aðeins hluti þess þýfis, sem saknað er, hefur komið til skila, en mikið vantar á, að allt sé komið í leitirnar.

Rökstuddur grunur leikur á því, að kærði eigi frekari aðild að umræddum þjófnum og meðhöndlun þess þýfis, sem hér um ræðir.

Rannsókn þessa sakarefnis er orðin mjög umfangsmikil og er enn skammt á veg komin. Hætta er á því, að kærði geti hindrað framgang hennar, haldi hann óskertu frelsi sínu.

Með vísan til ofanritaðs og 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 ber að taka kröfu rannsóknarlögreglunnar til greina og gera kærða að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 4. september nk., kl. 17:00.

Kærði er sakaður um brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga, sem geta varðað hann fangelsisrefsingu, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33, 1944 gæsluvarðhaldi eigi til fyrirstöðu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Sigurður Stefán Almarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 4. september nk., kl. 17:00.